

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um málefni öryrkja í háskólanámi.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Hversu margir nemendur í Háskóla Íslands njóta afsláttar af skrásetningargjöldum sem ætlaður er öryrkjum?
2. Hversu hátt hlutfall er það af heildarnemendafjölda skólans og hvernig skiptist það eftir kynjum?
3. Hvert er hlutfall öryrkja í öðrum menntastofnunum á háskólastigi?
4. Liggur fyrir aðgerðaáætlun á vegum ráðuneytisins um það hvernig fjölga megi öryrkjum í háskólanámi?